

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Stykkishólmsbæ.

#### 1. gr.

Árlegt þjónustugjald vegna sorphirðu og sorpeyðingar í Stykkishólmsbæ, til að standa undir kostnaði, er sem hér segir:

- A. Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbýli, eða íbúðarhús utan þéttbýlis greiðist þjónustugjald:  
Sorphirðu- og förgunargjald kr. 46.070

#### 2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu samkvæmt 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til söfnunarstöðvar:

<b>Meðhöndlun:</b>	<b>kr. með vsk.</b>
<i>Tímavinna við flokkun og frágang</i>	3.504
<i>Vigtunargjald</i>	1.730
<i>Vigtunargjald utan opnunartíma</i>	9.409
 <b>Óflokkað:</b>	 <b>kr./kg með vsk.</b>
<i>Grófur óflokkaður úrgangur</i>	29,15
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. (Dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, timbur, steinefni og gler).	
<i>Blandaður úrgangur</i>	21,00
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.	
 <b>Flokkað:</b>	 <b>kr./kg með vsk.</b>
<i>Timbur</i>	19,10
Hvítmálað, plasthúðað og blandað	
<i>Timbur</i>	11,10
Hreint, ekki litað eða fúavarið	
<i>Kjöt og sláturúrgangur</i>	21,00
<i>Lífrænn úrgangur til jarðgerðar</i>	11,10
<i>Heimilistæki o.fl.</i>	21,00
<i>Gras án aðskotahluta</i>	5,05
<i>Húsbúnaður, fatnaður o.fl. til endurnotkunar</i>	0
<i>Bylgjupappi sem er tækur til endurvinnslu</i>	0
<i>Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír tækur til endurvinnslu</i>	0
<i>Plast til endurvinnslu</i>	

<b>Gjaldskrá vegna spilliefna og spilliefnamengaðs úrgangs o.þ.h. sem úrvinnslugjald er ekki lagt á:</b>	<b>kr./kg með vsk.</b>
<i>Olíusíur</i>	119,90
<i>Olíuúrgangur s.s. ódælanlegur úrgangur og olíumengaður jarðvegur, tvistur o.fl.</i>	204,50
<i>Lífræn spilliefni með halógenum og/eða brennisteini s.s. ýmis PCB úrgangur</i>	939,15
<i>Lífræn spilliefni án halógens og brennisteins</i>	
<i>Lífræn efni: Etylenglýkól, frostlögur, prýlenglýkól, ediksýra, lífrænar sýrur, asfalt, amin, lífræn sölt, polyól og tekstyl</i>	259,50
<i>Málning, vatnsblönduð og önnur ótalin eftirlitsskyld spilliefni</i>	72,10
<i>Kvikasilfursmengaður úrgangur</i>	688,95
<i>Oxandi og gasmyndandi efni</i>	1.014,30
<i>Ólífræn spilliefni s.s. brennisteinssýra, saltsýra, fosfórsýra, flúorsýra, krómsýra, málmhreinsisýrur, lútur, basísk affitunarböð með cyaníði, galvanhúðunarböð, herðisölt, natrium hydroxíð, fljóttandi hypólórit, málmhydroxíðleðja, ólífræn sölt</i>	448,40
<i>Ýmis spilliefni, s.s. lyf, sprautunálar, flugeldar, polyúretan úðabrúsar</i>	
<i>Úrgangur sem þarfnast efnagreiningar</i>	448,40
<i>Umbúðir spilliefnamerktar/spilliefnamengaðar &gt; 100 l</i>	6.831,00
<i>Umbúðir spilliefnimerktar/spilliefnamengaðar &lt; 100 l</i>	1.708,00
<i>Gagnaeyðing</i>	129,00

## 4. gr.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds.

Starfsmaður söfnunarstöðvar ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa á úrgangi, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni.

Flutningsaðilar á úrgangi á móttökustað ábyrgjast greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða geri grein fyrir með óyggjandi hætti, almennt eða í einstaka tilfalli, hver sé ábyrgur úrgangshafi hvers farms.

Íbúar sveitarfélagsins geta afhent allt að 50 kg af forflokkuðum úrgangi samtals á mánuði án þess að greiða sérstaklega fyrir það, enda sé um heimilisúrgang að ræða.

## 5. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustuþætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

## 6. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokaml. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar, að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og með stoð í 5. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Stykkis-

hólmsbæ, nr. 50/2012, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum, og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Stykkishólmi, nr. 139/2012.

*Stykkishólmsbæ, 10. desember 2016.*

**Sturla Böðvarsson** bærarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. apríl 2017